

Mennta- og menningarmálaráðuneytið Samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík, 13. desember 2021

Varðar: drög að reglugerð um Kvikmyndasjóð, mál nr. 220/2021

Drög að nýrri reglugerð um Kvikmyndasjóð hafa verið lögð fram í samráðsgátt stjórnvalda til kynningar og umsagnar. Þar tekur ráðuneytið fram í kynningu að ætlunin sé að samræma stjórnslu kvikmyndamála að ört breytilegu umhverfi kvikmyndagerðar og endurspegla markmið nýrrar kvikmyndastefnu. Auk þess er tilgreint að eftir nokkrar breytingar sé flókið fyrir hagaðila að lesa rétt sinn úr reglugerðinni og skyldur Kvikmyndamiðstöðvar. Af þeim sökum liggja beinast við að endurnýja reglugerðina í heild sinni.

Kvikmyndamiðstöð tekur undir þessi sjónarmið. Samandregið er það þó mat Kvikmyndamiðstöðvar að úr því að ráðist var í þá vinnu sem miðar að því að afnema gildandi reglugerð og umskrifa frá grunni, hefði mátt ganga lengra í því efni. Tillaga að nýrri reglugerð virðist hvorki taka gildandi reglugerð mikið fram í að skapa skýra umgjörð um styrkjakerfi kvikmynda, né heldur er hægt að merkja hvaða leiðir eru markaðar til bregðast við kröfum nýrrar kvikmyndastefnu og ört breytilegu umhverfi kvikmyndamála.

Hér á eftir verður sett fram samandregið mat um hvert atriði fyrir sig.

Skýrt styrkjakerfi:

Það er mikilvægt að umgjörð styrkjakerfis kvikmynda eins og það er sett fram í reglugerð sé skýrt og skiljanlegt. Þó að nánari leiðbeiningar og úthlutunarreglur séu settar af Kvikmyndamiðstöð ættu hagaðilar og umsækjendur að geta lesið og skilið reglugerðina til að átta sig á t.d. hvaða reglum Kvikmyndamiðstöð ber að fylgja við málsmeðferð og styrkákvarðanir.

Kvikmyndamiðstöð tekur undir að eldri reglugerð var orðin of flókin, enda verið breytt nokkrum sinni. Drög að nýrri reglugerð eru að mati Kvikmyndamiðstöðvar ekki betri að því leyti. Þar hafa verið tekin út atriði sem voru tiltölulega skýr og mikilvæg fyrir uppbyggingu styrkjakerfisins. Viðbætur eru oft á tíðum í bútasaumsformi, þar sem stundum er notað annað blæbrigði í hugtökum, sem getur í versta falli skapað óvissu um regluverk í kringum sjóðinn.

Í almennu samhengi – og með vísan til fyrirmynda af reglugerðum nágrannalanda á sama sviði – má segja að framsetning reglna um styrkveitingar ætti að svara eftirfarandi spurningum með afgerandi og greinargóðum hætti:

- Hvaða styrkjaflokka er hægt að sækja um og hvaða kostnaður er styrkhæfur?
- Hvaða kröfur eru gerðar til umsækjenda og umsókna í málsmeðferð?
- Hvað mótar ákvörðun um styrki og samskipti við umsækjendur?

Í reglugerðardrögum er ekki greint skipulega frá þeim styrkjaflokkum sem Kvikmyndasjóður veitir, né heldur er greint með skýrum hætti frá hvaða kröfur gilda um hvern flokk. Almennur texti í drögnum um kröfur til umsókna, gildir í raun aðeins um framleiðslustyrki. Megnið af texta reglugerðarinnar á aðeins við minnihluta umsókna. Meginreglur varðandi styrki eru óskýrar og ekki auðvelt fyrir umsækjendur að átta sig á þeim.

Upptalning á styrkjaflokkum mætti vera skýrari og er ekki tæmandi eins og textinn er í reglugerðardrögnum, t.d. eru sýningarstyrkir ekki nefndir. Kvikmyndamiðstöð leggur til að framsetning í reglugerðinni á hvað Kvikmyndamiðstöð er heimilt að styrkja, flokkun styrkja, kröfur til umsókna og hvaða reglur gildi um úthlutun verði yfirfarin og umskrifuð. Yfirlýst markmið er að hún verði skýr fyrir haghafa um hlutverk sjóðsins og skyldur Kvikmyndamiðstöðvar. Nokkuð er fjallað um stuðning við kvikmyndamenningu í drögnum, en um kvikmyndamenningu er aðeins fjallað í kvikmyndalögum í tengslum við Kvikmyndamiðstöð.

Umgjörð til að mæta breyttu umhverfi og kvikmyndastefnu:

Umgjörð stuðningskerfis kvikmynda þarf að vera skýrt og sveigjanlegt upp að því marki að hægt sé að móta styrkjakerfið og bregðast við breyttum aðstæðum til að nýta fjármagn sem best, greininni og þeirri atvinnumennsku sem hefur byggst upp, til framdráttar.

KMÍ telur mikilvægt að við breytingar á reglugerðinni verði áherslumálum Kvikmyndastefnu fundinn farvegur í styrkjakerfi Kvikmyndasjóðs. Til dæmis sjást ekki í reglugerðinni merki um hvernig eigi að koma á fót nýjum fjárfestingasjóði sjónvarpsefnis. Engin mörkun er á heimildum eða áherslum til að nýta sjóðakerfið og styrkveitingar til að forgangsraða áherslumálum á sviði barna- og unglingsæfnis eða aðgerðir til að auka hlut kvenna í kvikmyndagerð. Einnig er mikilvægt kveða skýrt á um aðgerðir til að stuðla að nýliðun og fjölbreytni í greininni og regluverks sem nær til fyrirkomulags á styrkveitingum til fagaðila, sem þegar hafa aflað sér reynslu og þekkingar.

Kvikmyndamiðstöð og Kvikmyndaráð hafa gert tillögur um hvernig megi útfæra reglur styrkjakerfis kvikmynda til aukins stuðnings verkefna með aðkomu kvenna. Þar er bæði vísað til forgangsröðunar og hækkunar á styrkjum hvað varðar fjárhæðir og hlutfall af styrkhæfum kostnaði. Ekki er að sjá að slíkar heimildir séu markaðar í reglugerðardrögum en þær myndu styrkja stöðu Kvikmyndamiðstöðvar til að ganga fram með markvissari hætti en lagt er upp með í framlögðum reglugerðardrögum.

Reglugerðardrögin þarf því að styrkja sem grundvöll vinnu að nýjum áherslum.

Ábendingar Kvikmyndamiðstöðvar:

Kvikmyndamiðstöð styður það heilsuhugar að endurnýja gildandi reglugerð um Kvikmyndasjóð. Með það að leiðarljósi að leggja ráðuneytinu lið í þeirri vegferð fór Kvikmyndamiðstöð nokkuð ítarlega yfir fyrirbyggjandi reglugerðardrög. Niðurstaðan er sett fram sem listi ábendinga og hefur verið sendur til ráðuneytisins.

Kvikmyndamiðstöð vill þó hvetja ráðuneytið til að líta á það sem sóknarfæri að gaumgæfa hvert atriði til að samræma hugtakanotkun, draga úr endurtekningum og ganga lengra í að hreinsa út atriði úr gildandi reglugerð sem voru óskýr og eiga að óbreyttu að erfast í nýja umskrifaða reglugerð.

Það er þannig helsta ábending Kvikmyndamiðstöðvar við framlögð reglugerðardrög að þau gangi í raun ekki nægilega langt að víkja frá eldri fyrirmynd og móta faglegan og skýran ramma um stuðningsaðgerðir á sviði kvikmyndamála.

Kvikmyndamiðstöð er reiðubúin til að koma að frekari vinnu við gerð reglugerðarinnar, en meðal starfsmanna Kvikmyndamiðstöðvar er mikil þekking á styrkjakerfi á sviði kvikmynda, þeirra landa, sem við berum okkur helst saman við.

Laufey Guðjónsdóttir
(rafræn undirritun)
forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar